

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Víkurheiði, deiliskipulagsbreyting, Selfossi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 14. desember 2016 breytingu á deiliskipulagi Víkurheiðar, Selfossi. Í breytingunni felst að deiliskipulagsmörk við flugvöll færast til norðurs þannig að athafnasvæðið færast inn fyrir skipulagsmörk. Lóðir og byggingarreitir breytast. Sérskilmálar eru fyrir flugskýli – lóð 1.

Flugskýlin eru einungis ætluð flugtengdri starfsemi. Hámarkshæð á þaki má ekki vera meiri en 11 m frá gólfi 1. hæðar. Byggingar mega ekki skaga upp úr mynduðum skáfleti sem rís 40 m frá miðlínu flugbrautar og með halla 1:5. Ef einhver hindrun nær upp fyrir þennan flöt skal merkja hindrunina til upplýsingaþjónustu flugmála til birtingar í flugmálahandbók (AIP - Ísland).

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hulduhóll, deiliskipulagsbreyting, Eyrarbakka.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 11. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi Hulduhóls, Eyrarbakka. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir minni íbúðum en áður var gert ráð fyrir. Skipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að tveim parhúsalóðum verði breytt í tvær raðhúsalóðir, sem þýðir fjölgun íbúða um tvær. Einnig er þrem einbýlishúsalóðum breytt í eina raðhúsalóð, við það fjölga íbúðum um fjórar. Fjölgun íbúða er því sex íbúðir og mun númer húsa innar í götunni breytast í samræmi við það.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 23. maí 2017.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.